

# Nautgripæræktin

Guðmundur P. Steindórsson

## Skýrsluhaldið

Eins og greint var frá í Ársskýrslu 2009 fluttist allt skýrsluhald nautgripæræktarinnar í hinn miðlæga gagnagrunn, Huppa.is, á því ári. Jafnframt var þá tekin upp gæðastýring í skýrsluhaldinu, sem byggist á reglulegum skilum mjólkurskýrslna mánaðarlega og að lágmarki sýnatöku til efnamælinga einu sinni í hverjum ársfjórðungi.

Ekki hafa kúabændur verið skyldaðir til að færa sjálfir í Huppu, en í lok síðasta árs sáu 67,5% bændanna á svæðinu sjálfir um skráninguna. Fyrir hina fór sú vinna fram í Búgarði. Varðandi gæðastýringuna stóðu menn sig þökkalega. Aðeins tveir aðilar taka aldrei sýni og nokkrir féllu út tímabundið vegna þess að skil voru ekki í öllum ársfjórðungum. Einn og einn lenti einnig í of seinum skýrsluskilum.

Hér á eftir eru birtar nokkrar töflur með helstu niðurstöðum síðasta árs, ásamt stuttri umfjöllun.

Tafla 4. Þátttaka og meðalafurðir 2010.

Félag	Árskýr								
	Tala		Meðal	Skýrslu-	Innlögð mjólk				Verð-
	búa	Tala	bú- stærð	færð mjólk kg	Fita %	kg	Prótein %	kg	
Svarfdæla	16	630,7	39,4	5.004	4,06	203	3,30	165	368
Árskógsstrandar	4	253,3	63,3	4.797	3,98	191	3,24	155	346
Tröllli	23	1.059,1	46,0	5.081	4,12	209	3,30	168	377
Eyjafjarðarsveitar	27	1.448,5	53,6	5.510	4,15	229	3,30	182	411
Saurbæjarhrepps	16	645,2	40,3	5.090	4,19	213	3,31	168	381
Svalbarðsstrandar	7	479,8	68,5	5.105	4,06	207	3,28	167	374
Grýtubakkahrepps	3	210,9	70,3	6.036	4,12	249	3,30	199	448
<i>BSE</i>	96	4.727,5	49,2	5.233	4,12	216	3,30	172	388
Árið 2009	96	4.754,1	49,5	5.273	4,10	216	3,33	176	392
Hálshrepps	7	185,2	26,5	5.305	4,13	219	3,35	178	397
Ljósavatnshrepps	16	553,5	34,6	5.493	4,16	229	3,34	183	412
Bárðdæla	5	72,9	14,6	4.813	4,07	196	3,29	158	354
Skútustaðahrepps	8	147,8	18,5	5.350	4,05	217	3,32	177	394
Reykðæla	7	150,9	21,6	5.396	4,12	222	3,34	180	402
Aðaldæla	9	272,6	30,3	5.156	4,13	213	3,32	171	384
Ófeigur	3	95,9	31,8	5.047	4,05	204	3,30	167	371
Tjörnesinga	2	43,1	21,6	5.334	4,02	214	3,27	174	388
<i>BSSP</i>	57	1.521,9	26,7	5.323	4,12	219	3,33	177	396
Árið 2009	59	1.646,4	27,9	5.451	4,13	225	3,33	182	406
Norðausturland	153	6.249,4	40,8	5.255	4,12	216	3,31	174	390
Árið 2009	155	6.400,5	41,3	5.319	4,11	219	3,33	177	396

Í töflu 4 eru birtar niðurstöður úr einstökum félögum, búnaðarsambandsvæðunum báðum og á svæðinu í heild, ásamt tölum frá árinu 2009. Engar breytingar eru frá fyrra ári varðandi félögin. Í töflu 4 sést að kúabúum hefur fækkað um tvö á svæðinu á milli ára, bæði í Þingeyjarsýslu. Auk þess hættu svo tvö bú mjólkurframleiðslu á árinu 2010, sitt á hvoru svæði, en þau teljast með í töflu 4. Fjöldi skýrslubúa á Norðausturlandi voru því 151 í árslok 2010. Til viðbótar því eru á svæðinu sex bú utan skýrsluhalds. Miðað við búafjöldann er þáttökuhlutfallið 96,0%, en sé miðað við greiðslumark er þátttakan 98,7%.

Á sama hátt og verið hefur í samsvarandi töflu síðustu tvö ár, eru tölur um efnainnihald mjólkurinnar úr innlagðri mjólk, en ekki úr einstaklingssýnunum.

Í töflu 4 er ekkert tíundað um kjarnfóðurgjöf. Þeim fer sífellt fækkandi sem skrá hana, en á síðasta ári voru 60 bú í Eyjafirði með að meðaltali 627 kg kjarnfóðurgjöf á árskú, en 35 í Þingeyjarsýslu með 719 kg. Er þetta mikill samdráttur frá fyrra ári, eða 167 kg á fyrrnefnda svæðinu og 34 kg á hinu.

Afurðahæstu búin á hvoru búnaðarsambandsvæði eru talin upp í töflu 5 og er þeim raðað eftir verðefnum á árskú. Á sama hátt og í töflu 4, eru notaðar efnamælingar úr innlagðri mjólk.

Tafla 5. Afurðahæstu bú 2010.

	Fjöldi	Skýrslu- færð mjólk kg	Árskýr				Verðefni kg
			Innlögð		mjólk		
			Fita %	kg	Prótein %	kg	
<i>BSE</i>							
1. Dreitill ehf Steinsstöðum II	46,0	7.123	4,28	305	3,44	245	550
2. Helgi B. Steinsson Syðri-Bægisá	34,2	6.829	4,21	288	3,46	236	524
3. Jóhann Tryggvason Vöglum	24,6	6.973	3,96	276	3,36	234	510
4. Félagsbúið Espihóli	56,3	6.215	4,43	275	3,40	211	486
5. Ásta A. Pétursdóttir Hranastöðum	62,2	6.393	4,16	266	3,33	213	479
6. Sæmundur Sigtryggsson Merkgili	46,9	6.276	4,28	269	3,25	204	473
7. Viðar og Elínros Brakanda	26,0	6.625	3,84	254	3,29	218	472
8. Helguhóll ehf Nesi	79,8	6.531	3,97	259	3,24	212	471
9. Niels og Sveinbjörg Torfum	44,2	6.155	4,29	264	3,33	205	469
10. Heimavöllur ehf. Hvammi Eyjaf.	74,5	6.190	4,22	261	3,33	206	467
<i>BSSÞ</i>							
1. Félagsbúið Baldursheimi I	20,2	6.939	4,04	280	3,32	230	510
2. Stórutjarnir ehf. Stóru-Tjörnum	43,3	6.926	4,12	285	3,23	224	509
3. Atli Sigurðsson Ingjaldsstöðum	24,0	6.455	4,21	272	3,50	226	498
4. Marteinn og Kristín Kvíabóli	61,5	6.086	4,39	267	3,27	199	466
5. Félagsbúið Skútustöðum II	18,4	6.377	3,99	254	3,32	212	466
6. Flosi og Unnur Hrafnstöðum	42,8	6.085	4,25	259	3,36	204	463
7. Sigurður Hálfðanarson Hjarðarbóli	34,0	6.108	4,21	257	3,36	205	462
8. Hriflubú sf. Hriflu	27,3	6.249	3,95	247	3,39	212	459
9. Sveinbjörn Sigurðsson Búvöllum	38,9	6.235	4,06	253	3,21	200	453
10. Félagsbúið Sólvangi	30,4	5.983	4,11	246	3,27	196	442

Í töflu 6 eru afurðahæstu kýrnar á hvoru búnaðarsambandsvæði. Þar eru tölur yfir efnainnihald, beinar mælingar úr einstaklingssýnunum og því nokkuð sveiflukenndar, sérstaklega hvað fituna varðar. Því er kúnum þar raðað eftir mjólkurmagni.

Tafla 6. Nythæstu kýr árið 2010.

Nafn og bú	Fædd ár	Faðir nafn og nr.	Mjólk kg	Fita %	Prótein %
<i>BSE</i>					
1. Rót 347 Syðri-Bægisá	2005	Stígur 97010	11.308	4,70	3,44
2. Soffía 9405 Nesi	2003	Punktur 94032	10.825	3,33	2,92
3. Önd 445 Nesi	2005	Bylur 97002	10.255	3,84	3,05
4. Dúna 367 Akri	2005	Máni 03025	10.187	4,99	3,27
5. 310 Höfða II	2005	Höfði 03939	10.170	4,53	3,22
6. Vinda 473 Nesi	2006	Hræsingur 98046	9.886	4,43	3,20
7. Systa 361 Syðri-Bægisá	2006	Teinn 97001	9.810	4,49	3,31
8. Fura 420 Nesi	2004	Fríður 01942	9.557	4,14	3,21
9. Sónata 343 Nesi	2000	Ólason 96121	9.536	4,05	3,03
10. Lúna 293 Möðruvöllum Eyjaf.	2005	Skjanni 02030	9.401	5,07	3,31
<i>BSSP</i>					
1. Fía 8206 Stóru-Tjörnum	2004	Fróði 96028	9.856	4,46	3,34
2. Braut 447 Búvöllum	2005	Stígur 97010	9.837	3,72	2,96
3. Lind 199 Hriflu	2001	Skuggi 92025	9.820	3,87	3,10
4. Alma 238 Stóru-Tjörnum	2004	Aðall 02039	9.792	3,86	3,53
5. Skræpa 282 Dæli	1999	Þingeyingur 96941	9.683	3,24	3,24
6. Hella 245 Kvíabóli	2005	Skjanni 02030	9.232	4,21	3,37
7. Iðunn 140 Baldursheimi I	2003	Njóli 01932	9.203	4,14	3,26
8. Búkolla 290 Sólvangi	2005	Þverteinn 97032	9.186	4,74	3,23
9. Bauga 351 Búvöllum	2002	Punktur 94032	9.058	3,96	2,97
10. Hyrna 203 Ingjaldsstöðum	2007	Fontur 98027	8.897	4,85	3,21

Í töflu 7 eru taldar upp þær kýr sem ná kynbótaeinkunninni 120 eða hærra fyrir afurðir. Þeim er í fyrstu raðað eftir þeirri einkunn, en síðan heildareinkunninni. Þarna má einnig sjá einkunnir fyrir próteinhlutfall, frumutölu, júgur, spena og mjaltir, ásamt heildareinkunn kýrinnar. Sú síðast nefnda er þannig uppbyggð að afurðir gilda 44%, og eftirtaldir eiginleikar, frjósemi, frumutala, júgur, spenar, mjaltir, skap og ending gilda 8% hver.

Tafla 7. Kýr með hæsta afurðamat.

Nafn, nr og bú	Fædd ár	Faðir nafn og nr.	Kynbótaeinkunnir							
			Mjólkur- magn	Prótein- hlutfall	Afurða- mat	Frumu- tala	Júg- ur	Spen- ar	Mjalt- ir	Heildar- einkunn
<i>BSE</i>										
1. Skrauta 1177 Hrafnagili	2006	Skandall 03034	124	113	127	96	101	110	106	112
2. Sunna 338 Syðri-Bægisá	2004	Stígur 97010	135	92	126	120	107	103	103	111
3. Svipul 1253 Hrafnagili	2006	Fontur 98027	131	99	125	114	108	119	96	114
4. Drottning 355 Vatnsenda	2006	Skandall 03034	124	111	125	94	99	106	105	111
5. Teinrétt 1105 Hrafnagili	2005	Teinn 97001	121	111	122	106	107	108	96	111
6. 654 Espihóli	2006	Skandall 03034	127	96	122	98	100	110	89	108
7. Blesa 632 Hríshóli	2007	Hnappur 05009	117	117	122	97	90	108	78	107
8. Stássa 304 Syðri-Bægisá	2002	Frískur 94026	121	105	121	116	118	110	110	112
9. 1053 Garðsvík	2005	Randver 97029	119	118	121	92	89	107	99	107
10. Slóð 303 Svertingsst. II	2005	Stígur 97010	114	117	120	105	115	104	101	110
11. Rósfr. 585 Hvammi Arn.	2006	Finnur 03029	115	119	120	79	85	84	103	105
<i>BSSP</i>										
1. Bót 292 Sólvangi	2005	Ás 02048	122	111	123	94	90	101	109	108
2. Braut 447 Búvöllum	2005	Stígur 97010	134	83	121	107	115	113	110	112

Þess ber að geta varðandi einkunnirnar, að tekið er tillit til erfðaframtara í stofninum. Eins og gert hefur verið undanfarið, hefur ákveðinn árgangur kúa verið settur sem viðmiðunarárgangur. Honum hefur verið breytt á fimm ára fresti, þannig að við útreikning kynbótamatsins nú var viðmiðunarárgangurinn færður frá árinu 2000, sem miðað hefur verið við síðastliðin fimm ár, til ársins 2005. Árleg erfðaframtör er mismikil eftir eiginleikum og þar af leiðandi verða áhrifin misáberandi á hvern þeirra. Mest hefur erfðaframtörin orðið í afurðunum og í ljós kom nú að áhrif þeirra á afurðaeinkunnina nemur nálægt sjö stigum. Þetta skýrir þá miklu fækkun kúa sem verður í töflu 7 miðað við sams konar upptalningu síðustu ára.

Keppst er við að ná nautkálfum inn á sæðingastöð undan bestu kúnum. Fyrsta val í því skyni er kynbótamatið og útlitsdómur. Sett eru lágmark einkunna fyrir mikilvægustu eiginleikana, s.s. afurðir, próteinhlutfall, frumutölu, júgur, spena og mjaltir. Einnig einstaklingsdóm fyrir júgur, spena, mjaltir og skap. Ýmislegt fleira getur felld kúna frá því að vera hæf nautsmóðir.

Á árinu 2010 voru teknir 13 nautkálfar úr Eyjafirði og 2 úr Þingeyjarsýslu inn á Nautauppeldisstöðina á Hesti. Nánari upplýsingar um þá má sjá í töflu 8 þar sem þeir eru taldir eftir aldri. Geta skal þess að afurða- og heildareinkunn móður miðast við þann tíma er kálfarnir fæddust.

Tafla 8. Nautkálfar í Nautauppeldisstöðina á Hesti fæddir 2010.

Nr.	Nafn	Faðir	Móðir	Móðurfaðir	Einkunnir móður		
					Afurðir	Heild	Dómur
10006	Rumur	Skurður 02012	Tröð 358 Akri	Stígur 97010	122	112	88
10007	Runni	Síríus 02032	Ljúf 676 Ytri-Tjörnum	Stíll 04041	128	115	82
10020	Auður	Pontíus 02028	Alma 238 Stóru-Tjörnum	Aðall 02039	109	108	86
10021	Vandi	Aðall 02039	Rót 347 Syðri-Bægisá	Stígur 97010	124	114	86
10024	Gljúfrabúi	Lykill 02003	Branda 441 Bakka Öxn.	Soldán 95010	121	110	87
10027	Eskill	Glæðir 02001	Steypa 679 Ytri-Tjörnum	Stíll 04041	118	111	83
10028	Köngull	Síríus 02032	Hespa 267 Göngustöðum	Stígur 97010	123	113	87
10031	Drangi	Glæðir 02001	Mjöll 501 Bakka, Öxn.	Ás 02048	116	108	83
10038	Svipur	Aðall 98052	Svipul 1253 Hrafnagili	Fontur 98027	125	115	86
10039	Ársæll	Kappi 01031	Ára 561 Hallandi	Aðall 02039	127	115	86
10040	Fossdal	Glæðir 02001	Fossa 476 Merkgigili	Hamar 94009	117	105	84
10051	Belgingur	Flói 02029	Björk 512 Hríshóli	Náttfari 00035	120	112	90
10071	Sekkur	Síríus 02032	Sturta 374 Syðri-Bægisá	Meitill 98008	111	105	87
10089	Úlli	Ófeigur 02016	Rán 476 Dæli, Fnjósk.	Hryggur 05008	116	110	87
10098	Snepill	Síríus 02032	Stássa 304 Syðri-Bægisá	Frískur 94026	132	117	87

Af þessum 15 nautkálfum hafa 7 verið felldir í Nautauppeldisstöðinni ýmissa hluta vegna. Þeir eru Auður 10020, Vandi 10021, Gljúfrabúi 10024, Köngull 10028, Ársæll 10039, Belgingur 10051 og Snepill 10098.

## Nautgripasæðingar

Í töflu 9 eru birtar tölur úr sæðingunum 2010. Í samsvarandi töflu fyrir árið 2009, sem birt var í Ársskýrslu 2009, reyndust vera villur í fjöldatölum. Í töflu 9 hér á eftir miðast breytingar frá fyrra ári og fjöldatölur frá 2009 við leiðréttar upplýsingar.

Tafla 9. Fjöldi og árangur sæðinga eftir mánuðum 2010.

Mánuður	Eyjafjörður					Suður-Þingeyjarsýsla				
	Fjöldi sæðinga	Fyrsta sæðing			Fjöldi sæðinga	Fyrsta sæðing				
		Fjöldi	Hlutfall	Breyting frá f. ári		Fjöldi	Hlutfall	Breyting frá f. ári		
Janúar	696	447	9,8	17	63	233	120	8,2	-34	60
Febrúar	565	359	7,9	-17	63	214	105	7,2	-37	52
Mars	646	410	9,0	-16	66	263	127	8,7	-3	51
Apríl	691	467	10,2	45	66	234	128	8,8	-33	48
Maí	557	335	7,3	-75	61	207	96	6,6	-50	47
Júní	687	437	9,6	50	63	221	134	9,2	0	55
Júlí	662	422	9,3	-33	67	285	170	11,7	-8	63
Ágúst	546	320	7,0	-9	68	239	134	9,2	11	66
September	462	259	5,7	5	65	159	79	5,4	9	70
Október	486	323	7,1	26	66	154	87	6,0	12	61
Nóvember	575	381	8,4	57	62	207	136	9,3	-17	63
Desember	585	402	8,8	29	59	233	142	9,7	20	50
Alls	7.158	4.562	100	79	64	2.649	1.458	100	-82	57
Árið 2009	7.639	4.483		-85	61	2.925	1.588		-28	55

Varðandi útreikning á árangri, þá er um breytingar að ræða frá því sem var í eldra uppgjörskerfi. Þá var gengið út frá því, að kýrin hefði fest fang hefði hún ekki beitt upp innan 60 daga frá 1. sæðingu. Eftir að uppgjör sæðinga færðist í Huppu, eru engin slík tímamörk. Þar af leiðandi verður árangur nú nokkru lægri en var í eldra uppgjörinu og því ekki sambærilegur.

Alls voru fyrstu sæðingar 6.020 á svæðinu og árangur 62%. Er þetta 57 sæðingum færri en árið áður og árangurinn var þá 59%. Sæðingar alls á kelfda kú voru 1,56 í Eyjafirði en 1,81 í Þingeyjarsýslu.

Hlutfallsleg skipting fyrstu sæðinga milli reyndra nauta, ungnauta og holdanauta má sjá í töflu 10.

Tafla 10. Hlutfallsleg skipting fyrstu sæðinga á reynd naut, ungnaut og holdanaut 2010.

	BSE	BSSÞ	Svæðið
Reynd naut	48,6	50,5	49,1
Ungnaut	49,7	47,5	49,1
Holdanaut	1,7	2,0	1,8

## Kúadómar

Á sama hátt og gerðist árið 2009 lá kynbótamat kúnna ekki fyrir fyrr en komið var langt fram á ár. Þar af leiðandi var ekki hægt, eins og venja var nokkur árin áður, að reikna út heildareinkunnir fyrir kýrnar þar sem vegið er saman kynbótamat og einstaklingsdómur.

Í nóvemberbyrjun 2010 voru haldnir fundir þar sem skýrt var frá niðurstöðum dóma 2005 árgangs. Í Ársskýrslu 2009 voru þær birtar að öðru leyti en heildareinkunnin og eru því hér í töflu 11 sýndar efstu kýrnar á hvoru búnaðarsambands svæði. Þessi einkunn er

Þannig reiknuð: Dómseinkunn x 2 + afurðamat + eigið frávik fyrir afurðir. Til viðbótar þessu og því sem áður hefur verið gengið út frá, voru gerðar kröfur um að hjá kúnni lægju fyrir að lágmarki fjórar efnamælinganiðurstöður á ári, kýrin hafi ekki verið eldri en þriggja ára við fyrsta burð og burðartilfærsla hjá henni hafi ekki verið meiri en fjórir mánuðir.

Tafla 11. Kýr af 2005 árgangi með hæsta heildareinkunn.

Nafn, nr. og bú	Faðir	Dóms- einkunn	Afurðamat		Stig samtals
			Eigin.af.	Ætt	
<i>BSE</i>					
Von 580 Klauf	Stígur 97010	87	2	127	303
Tröð 358 Akri	Stígur 97010	88	4	122	302
Skrauta 297 Neðri-Vindheimum	Soldán 95010	87	6	122	302
Glódís 222 Steinsstöðum II	Stígur 97010	87	5	123	302
Rót 347 Syðri-Bægisá	Stígur 97010	86	6	124	302
Lýsa 619 Hranastöðum	Bani 03003	85	7	125	302
Fata 563 Hofi Hörg.	Bani 03003	85	6	126	302
Mæða 901 Dagverðareyri	Pinkill 94013	87	7	119	300
Lind 562 Merkigili	Stígur 97010	86	6	122	300
Viðja 281 Öxnafeili	Finnur 03029	86	3	124	299
Hólmsfríður 423 Auðbrekku	Stígur 97010	85	4	125	299
Rósa 240 Klaufabrekku	Flói 02029	85	3	126	299
Þrjóska 312 Dvergasteini	Draumur 03015	85	3	126	299
Gyðja 646 Hofsa	Stígur 97010	87	1	123	298
Ró 1092 Grund I	Pési 03104	86	7	119	298
Stjarna 298 Svertingsstöðum II	Akur 03009	85	5	123	298
Ása 416 Skriðu	Þverteinn 97032	86	3	123	298
<i>BSSP</i>					
Bleik 216 Kvíabóli	Draumur 03015	81	10	138	310
Braut 447 Búvöllum	Stígur 97010	86	5	131	308
Tóta 326 Fljótshakka	Gyllir 03007	87	3	124	301
Bót 292 Sólvangi	Ás 02048	82	6	131	301
Engjarós 248 Hellulandi	Stígur 97010	85	4	125	299
Skrauta 302 Böðvarsnesi	Hegri 03014	86	2	124	298
Sleggja 9592 Kvíabóli	Skandall 03034	81	6	130	298
Gata 440 Búvöllum	Stígur 97010	89	2	117	297
Rut 233 Vallakoti	Gyllir 03007	85	3	123	296
152 Brún	Stígur 97010	84	5	122	295
Perla 123 Öxará	Skjanni 02030	88	2	116	294
Skotta 123 Hriflu	Stígur 97010	84	3	123	294

Búnaðarsamböndin veittu eigendum þriggja stigahæstu kúnna á hvoru svæði verðlaunagripa gerða úr kýrhorni af Guðrúnu Steingrímsdóttur á Stekkjarflötum í Eyjafjarðarsveit.

Að venju fengu eigendur þeirra kúa sem hlutu 88 stig eða fleiri í dómseinkunn, afhentar stækkaðar myndir af kúnum. Þær kýr voru taldar upp í töflu 12 í Ársskýrslu 2009.

Þar sem endanlegt kynbótamat kúa af 2006 árgangi liggur ekki fyrir þegar þetta er skrifað, bíður umfjöllun um hann næstu Ársskýrslu.